

Alþingi
Erindi nr. P 143/396
komudagur 26.11.2013



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2013
Tilvísun: 2013110015/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 12. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum (eigendastefna). 143. löggjafarþing 2013–2014. Þingskjal 16 — 16. Mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreinds frumvarps og mun hér á eftir fara nokkrum orðum um efni þess.

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. Á ríkissjóður 99,9% eignarhluta í fyrirtækinu og Eignarhlutir ehf. 0,1%, sbr. 1.gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983 m.s.br. Landsvirkjun er þannig í eigu íslensku þjóðarinnar.

Tilgangur fyrirtækisins er sbr. 2. gr. laganna að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Landsvirkjun hefur sjálf skilgreint hlutverk sitt þannig að það sé að *hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er treyst fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Með hagkvæmri vinnslu í sátt við umhverfi og samfélag getur fyrirtækið skilað arði til samfélagsins og tekið virkan þátt í uppbyggingu fjölbreytts og arðvænlegs atvinnulífs í fremstu röð á alþjóðamælikvarða.*

Með fram komnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum um eigendastefnu er tillaga um að við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: *Ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um eigendastefnu fyrir Landsvirkjun.*

Við lögina bætist einnig nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: *Eigendastefna skv. 2. gr. skal lögð fram í fyrsta skipti á haustþingi 2014.*

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að Landsvirkjun sé eitthvert mikilvægasta fyrirtæki íslensks samfélags og sé í eigu ríkisins. Stefna fyrirtækisins, áform þess og ákvarðanir sem teknar séu hafi mikil áhrif hér á landi og hafi á stundum verið æði umdeild. Því sé mikilvægt, segir í greinargerðinni, að um fyrirtækið og framkvæmdir á vegum þess ríki sem mest sátt. Undir þessi sjónarmið tekur Orkustofnun en vill vekja athygli Atvinnuveganefndar Alþingis á eftirfarandi atriðum.

Orkustofnun bendir á að tilgangur og þar með langtímastefna Landsvirkjunar sé mörkuð í lögum um Landsvirkjun, þannig ríkir viss stöðugleiki um fyrirtækið. Með hinum lögformlega lagamma skapist einnig svigrúm stefnumörkunar til lengri tíma og framtíðarsýnar þar sem einstaka áhersluþættir og verkefni eru mörkuð af stjórn. Hlutverk fyrirtækisins er þannig nánar skilgreint af stjórn þess og framtíðarsýn útfærð á þeim forsendum sem lögina gera ráð fyrir. Orkustofnun bendir á að eigandinn, íslenska ríkið skipar fyrirtækinu stjórn, sbr. 5. gr. laganna. Stjórnin, fulltrúi eiganda, ræður svo forstjóra,

sbr. 6. gr. og kveðið er á um að stjórnin fari með málefni fyrirtækisins, hún skuli annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins segir einnig í ákvæðinu.

Gera má ráð fyrir því að sjónarmið eiganda komi fram við val á stjórn fyrirtækisins, og að sú stjórn muni endurspeгла annars vegar hagsmuni eigandans, íslensku þjóðarinnar og hins vegar hagsmuni fyrirtækisins að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Orkustofnun bendir á að hlutverk stjórnar Landsvirkjunar er, eins og stjórná öflugra fyrirtækja, að móta fyrirtækinu stefnu til lengri tíma og framtíðarsýn eins og gert hefur verið, m.a. þannig að hlutverki fyrirtækisins verði náð eins og það hefur verið skilgreint nánar af stjórninni sem sé, *að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er treyst fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.*

Orkustofnun bendir á að lagtímastefnumörkun er fyrirtækinu sérstaklega mikilvæg, ekki síst í orkugeiranum þar sem framkvæmdir taka langan tíma og rekstrarforsendur byggja á langtímaáætlun. Það orkar því tvímælis að setja Landsvirkjun eigendastefnu á fjögurra ára fresti, sem gæti orðið afdrifaríkum breytingum undirorpin frá hverju fjögurra ára tímabili til annars, þannig að rekstarleg óvissa skapaðist með tilheyrandi áhrifum og þá eftir atvikum neikvæðum áhrifum t.d. á lánskjör. Vissulega getur eigendastefna þó haft jákvæð áhrif horfi hún til lengri tíma. Það á t.d. við um eigendastefnu sem varðar t.d. markmið um arðsemi, eiginfjárlutfall, hlutfall arðs og lánsþæfismat. Orkustofnun bendir á eigendastefnu sænska Vattenfall, (orkufyrtaeki, í eigu sænska ríkisins), sem dæmi, Gert er ráð fyrir að efnahagsmarkmið Vattenfalls, eins og þau eru ákveðin af stefnu eigandans, sænska ríkinu, séu endurskoðuð í lok hvers hagsveiflutímabils, sem að jafnaði tekur 5 til 7 ár. Markmið stefnunnar er m.a. að fyrirtækið skapi verðmæti, skili ásættanlegum arði til eiganda miðað við almennar markaðsforsendur og að fjárhagsleg áhætta sé innan hóflegra marka auk þess sem tekið er mið af forsendum umhverfismála. Eigendastefna Vattenfall var endurskoðuð og samþykkt síðast á aukahluthafafundi fyrirtækisins í nóvember 2012, (ekki af sænska þinginu), þar sem fyrri markmið slíkrar stefnu, frá árinu 2006 voru endurskoðuð m.a. um arðsemi, eiginfjárlutfall, hlutfall arðs til sænska ríkisins og lánsþæfismat (A2 Moody's/Standard & Poor's).

Orkustofnun bendir á að langtímastefnumörkun sé Landsvirkjun mikilvæg og spurning sé því hvort sérstök eigendastefna sem lögð yrði fram á fjögurra ára fresti með þingsályktun Alþingis, geti verið til þess fallin að draga úr árangri slíkrar markmiðssetningar þar sem óvissa gæti ríkt um eigendastefnuna hverju sinni. Efnahagslegur stöðugleiki fyrirtækisins, lagtímastefnumörkun og skilgreindir áfangar að framtíðarsýn þess eru fyrirtækinu einmitt sérstaklega mikilvægir að mati Orkustofnunar.

Orkustofnun bendir einnig á að gildandi rammaáætlun um orkunýtingu, setur fyrirtækinu skorður um virkjunarframkvæmdir, en í greinargerð með frumvarpinu er m.a. vikið að þeim sjónarmiðum að það sé lyklatríði í hugum margra þegar kemur að virkjanastefnu að fyrir liggi hvaða samfélagslegum ávinningi, svo sem beinum arði, virkjanir skili. Þá minnir Orkustofnun á að fyrir gildistíð laga um Landsvirkjun, ákvað Alþingi sjálf í hvaða virkjunarframkvæmdir væri ráðist, hvar á landinu og af hvaða ástæðum. Horfið var frá því fyrkomulagi, en segja má að þá hafi ákveðin stefnumörkun átt sér stað á hverju þingi Alþingis fyrir sig, án heildrænnar stefnumörkunar til lengri tíma, eins og Landsvirkjun skilgreinir sjálf hlutverk sitt í dag og samrýmist tilgangi laganna um fyrirtækið.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Kristinn Einarsson